



Hagvöxtur landshluta 2012-2017



Hagvöxtur landshluta 2012-2017. Unnið af Dr. Sigurði Jóhannessyni hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í samvinnu við Sigurð Árnason og Snorra Björn Sigurðsson á Þróunarsviði Bygðastofnunar. Útgefið í nóvember 2019.

Framleiðsla vex um allt land 2012-2017, en mest á ferðamannaslóðum


Árið 2012 var hagkerfið enn í sárum eftir hrun bankanna 2008. Hagvöxtur var lítill. En í hönd fór eitt mesta hagvaxtarskeið hér á landi á seinni árum. Framleiðsla jókst að meðaltali um tæp 5% á ári frá 2012 til 2017.¹ Litlu munaði á vexti á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, en töluverður munur var á einstökum landshlutum. Suðurnes standa langt upp úr, en þar jókst framleiðsla að meðaltali um rúm 10% á ári frá 2012 til 2017. Meginskýringin á hröðum hagvexti þar er straumur ferðamanna hingað til lands, en á árunum 2012 til 2017 fjölgaði útlendingum sem fóru um Keflavíkurflugvöll úr tæplega 650 þúsundum í 2,2 milljónir. Þjónusta við ferðamenn er orðinn mikilvægur atvinnuvegur á Suðurlandi, en þar var hagvöxtur að meðaltali tæp 6% á ári frá 2012 til 2017. Gistinóttum erlendra ferðamanna á Suðurlandi fjölgaði um 260% á þessum árum. Þær voru um 1.650 þúsund árið 2017,

Tafla 1. Framleiðsla jókst mest á Suðurnesjum, Suðurlandi og á Höfuðborgarsvæðinu 2012-2017

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suðurnes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
2012	1%	4%	1%	-1%	2%	2%	5%	9%	5%	2%
2013	4%	4%	13%	2%	6%	6%	2%	-6%	5%	4%
2014	4%	2%	4%	6%	-5%	-5%	1%	8%	1%	3%
2015	5%	4%	10%	1%	5%	1%	4%	-4%	7%	5%
2016	9%	6%	9%	0%	5%	8%	7%	1%	11%	8%
2017	4%	7%	16%	4%	4%	4%	5%	6%	7%	5%
2012-2017	28%	26%	64%	15%	15%	13%	20%	6%	33%	27%
Á ári	5,0%	4,7%	10,4%	2,8%	2,9%	2,4%	3,8%	1,1%	5,9%	4,9%

eða 23% af öllum gistinóttum útlendinga hér á landi. Allgóður hagvöxtur var líka á Norðurlandi eystra, eða rétt tæp 4% á ári. Þar fjölgaði gistinóttum útlendinga um 120% frá 2012 til 2017. Gistinæturnar voru hátt í 700 þúsund árið 2017, um 9% af gistinóttum útlendinga á landinu. Hagvöxtur er í meðallagi á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi vestra, eða 2-3% á ári, en á Austurlandi er hagvöxtur að jafnaði rétt rúmt 1%. Lítinn hagvöxt á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi má meðal annars skýra með því að erlendir ferðamenn leita ekki mikið þangað. Árið 2017 voru aðeins 4% gistinátta útlendinga á Austurlandi, 2% á Vestfjörðum og 2% á Norðurlandi vestra.

¹ Hér er hagvöxtur mældur sem breyting í vergum þáttatekjum á föstu verðlagi ársins 2005.



Mynd 1: Mestur vöxtur er í greinum sem tengjast ferðaþjónustu 2012-2017.


Á mynd 1 sést betur hvaða atvinnugreinar bera hagvöxtinn uppi. Gular eru þær greinar sem tengjast að hluta til ferðaþjónustu. Þetta eru verslun, hótél, veitingahús og leiga, samgöngur og fjarskipti.² Gula súlan er einna stærst á Suðurnesjum og á Suðurlandi. Á Suðurnesjum skýra greinarnar, sem þar liggja að baki, 45% hagvöxt af 71% vexti á árunum 2012 til 2017 og á Suðurlandi skýra þær 20% af 60% vexti. Uppgangur ferðaþjónustu á Íslandi er einstakur. Á árunum 2012 til 2017 jukust beinar tekjur Íslendinga af þjónustu við ferðamenn úr 4,2% af landsframleiðslu í 8,6%, og er það miklu meiri breyting en í nokkru öðru iðnríki, samkvæmt yfirliti Efnahags- og þróunarstofnunarinnar, OECD. Hlutdeild ferðaþjónustu í landsframleiðslu er í lok tímabilsins ekki fjarri því sem gerist í þekktustu ferðamannalöndum. Hún er rúmlega 11% á Spáni (2016), 12½% í Portúgal (2016), en tæp 7% í Grikklandi (2017).³ Á eftir ferðamennsku eru byggingar aðalskýringin á hagvexti á Íslandi 2012-2017. Á Suðurnesjum skýra þær 10% hagvöxt á þessum árum. Unnið var að stækkun Keflavíkurflugvallar og flugstöðvar, auk smíði hótela og íbúðarhúsnæðis. Hótelherbergjum fjölgaði mikið í öllum landshlutum nema á Vestfjörðum. Smíði íbúðarhúsnæðis jókst líka töluvert. Árið 2012 var byrjað á rúmlega 450 íbúðum á öllu landinu, en rúmlega 2.800 árið 2017. Þegar hagvöxtur eykst og kaupmáttur launa batnar hækkar íbúðaverð og húsbyggingar fylgja í kjölfarið. Tæplega 80% íbúða, sem byrjað var á 2017, voru á höfuðborgarsvæðinu. Einna

² Athugið að í tölum um hagvöxt landshluta, sem út komu í byrjun árs, var leiga talin með rekstri fasteigna o.fl.

³ OECD: Key Tourism Indicators.

fjölbreyttastur er hagvöxturinn á Vestfjörðum, en þar skýrir fiskeldi um 4% hagvöxt af 16% á árunum 2012-2017.

Mynd 2 sýnir hagvöxtinn í öðru ljósi. Fólk hefur lengi sótt í þjónustu og fjölbreyttan vinnumarkað í þéttbýli. Á aðra öld hafa Íslendingar flust úr sveitum í næsta kauptún og þaðan í stærri bæi. Hagvöxtur í heilum landshlutum segir ekki alla söguna, því að fólki fækkar í dreifbýli og fámennum þorpum en fjölgar í stórum þjónustukjörnum. Vöxtur í heilum landshlutum ræðst þess vegna að hluta af því hvort slíkir kjarnar hafa náð að vaxa þar upp. Akureyri hefur til dæmis eflst jafnt og þétt frá síðustu aldamótum, meðan byggð hefur látið undan síga víðast hvar annars staðar á Norðurlandi eystra. Á mynd 2 má sjá samhengi hagvaxtar og þéttbýlis. Þar er á lóðréttum ási meðalhagvöxtur á ári frá 2012 til 2017, en láréttur ás sýnir hve stórt hlutfall íbúanna átti heima í bæjum með meira en 2.000 íbúum árið 2012. Þegar myndin er skoðuð sést að hlutfall stórra bæja og hagvöxtur fylgjast að; að minnsta kosti var sú raunin á árunum 2012-2017. Stærð hringjanna ræðst af framleiðslu á hverju svæði árið 2012. Byggð á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum er að langmestu leyti í miklu þéttbýli og tæp 70% íbúa á Norðurlandi eystra eru í tveim þjónustukjörnum, Akureyri og nágrenni og á Húsavík. Tölur um hagvöxt á Norðurlandi eystra lýsa að stórum hluta vexti í þessum tveim bæjum, og raunar aðallega á Akureyri, þar sem 60% íbúanna eru. Á



Suðurlandi var um helmingur íbúa í bæjum með meira en 2.000 íbúa árið 2012. Tveir þjónustukjarnar, Selfoss og Hveragerði, hafa styrkst töluvert undanfarin ár og frá því að Landeyjahöfn var tekin í notkun, árið 2010, hefur íbúum fjölgað heldur í þriðja stóra bænum, Vestmannaeyjum, sem er raunar ekki þjónustukjarni. Minna munar um stóra bæi í öðrum landshlutum. Á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Austurlandi fer saman að þar eru ekki mjög fjölmennir bæir og að straumur ferðamanna hefur að miklu leyti legið annað. Bæirnir, sem

Mynd 2: Hagvöxtur vex með þéttari byggð. Stærð hringjanna sýnir framleiðslu 2012.

hér er horft á, eru ekki margir. Árið 2012 voru aðeins tólf byggðarlög með meira en 2.000 íbúum á landinu: Reykjavíkursvæðið, Akureyri og nágrenni, Keflavík og Njarðvík, Akranes og nágrenni, Selfoss og nágrenni, Vestmannaeyjar, Grindavík, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Hveragerði, Egilsstaðir og Húsavík. Stuðst er við skiptingu Hagstofunnar í þéttbýlisstaði en ekki hefðbundna sveitarfélagaskiptingu. Þessi mælikvarði á þéttleika byggðar er raunar ekki einhlítur. Sums staðar er stutt úr litlum bæjum í stóra. Bolungarvík, Suðureyri, Flateyri og Súðavík eru í skotfæri frá Ísafirði. Í þessum bæjum öllum búa rúmlega 4.000 manns. Þá eru Bakkagerði, Seyðisfjörður, Norðfjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík í klukkutíma akstursfjarlægð eða minna frá Egilsstöðum (Breiðdalsvík er raunar á mörkunum ef ekki er hægt að fara um Breiðdalsheiði). Við þetta má bæta Djúpavogi, ef farið er um Öxi, sem er að vísu ekki alltaf fær. Í þessum byggðarlögum og sveitum þar í kring eru íbúar á tíunda þúsund. Mjög greiðar samgöngur eru nú frá Norðfirði að Fáskrúðsfirði, en þar á milli eru aðeins 55 km. Í fjórum byggðarlögum, sem eru á þeirri leið, eru tæplega 4.500 íbúar.

Tafla 2. Framleiðsla á mann eykst hratt á Suðurnesjum og á Suðurlandi, fjárhæðir í milljónum króna á verðl. 2005

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suðurnes	Vestur- land	Vestfirðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
2012	3,0	2,5	2,0	3,0	2,2	2,2	2,4	3,8	2,3	2,8
2013	3,1	2,6	2,3	3,0	2,3	2,4	2,4	3,6	2,4	2,9
2014	3,2	2,6	2,3	3,2	2,2	2,3	2,4	3,9	2,3	3,0
2015	3,3	2,7	2,5	3,2	2,3	2,3	2,5	3,8	2,5	3,1
2016	3,5	2,8	2,6	3,2	2,5	2,5	2,7	3,8	2,7	3,3
2017	3,6	2,9	2,9	3,3	2,6	2,6	2,8	4,0	2,8	3,4
Breyting á ári	3,5%	3,4%	6,9%	1,8%	3,1%	2,8%	3,0%	0,8%	4,2%	3,5%

Almennt eykst *framleiðsla á mann* mest þar sem hagvöxtur er mestur (samanber töflu 1). Langmest vex hún á Suðurnesjum, eða um tæp 7% á ári. Framleiðsla á mann var hvergi minni árið 2012, en 2017 var hún orðin jafnhá meðaltali utan höfuðborgarsvæðisins.⁴ Minnst eykst framleiðsla á mann á Austurlandi og Vesturlandi, eða um 1-2% á ári, en á báðum svæðum var hún mikil fyrir. Talan hækkar víðast hvar nokkru hægar en nemur hagvexti – fólki fjölgar alls staðar, nema á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum. Á öllu landinu fjölgaði fólki um 7% frá ársmeðaltali 2012 til 2017, en á Suðurnesjum fjölgaði um 17%. Fjölgunina má að miklu leyti skýra með aðflutningi fólks, en síðar í

⁴ Þegar fólki fjölgar hratt eins og á Suðurnesjum undanfarin ár skiptir máli hvernig íbúar eru taldir. Í ársfjórðungstölum Hagstofu fyrir sveitarfélög segir að litið sé til fæddra, dáianna og flutninga sem tilkynnt hafi verið um minna en tíu dögum frá lokum ársfjórðungs. Tölur fyrir Reykjanesbæ sýna um 1½% fleiri íbúa í þessu uppgjöri síðustu árin en í hefðbundnu árslokauppgjöri. Ekki verður hins vegar séð á ársfjórðungsuppgjörinu að fólki fækki frá miðju ári til áramóta.

skýrslunni er fjallað um fólksflutninga. Framleiðsla á mann er mest á Austurlandi, Höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi árið 2017, en minnst framleiðir hver maður á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra. Háar tölur á Austurlandi og á Vesturlandi stafa einkum af því að þar er fjármagnsfrek stóriðja, sem borgar góð laun. Árið 2017 var framleiðsla á mann meira en 50% meiri

Tafla 3. Skipting framleiðslu á mann á hundraðshluta

	Framleiðsla á mann 2017	% með minni	% með meiri
Austurland	4,0	97%	0%
Höfuðborgarsvæðið	3,6	32%	3%
Vesturland	3,3	28%	68%
Suðurnes	2,9	21%	72%
Suðurland	2,8	13%	79%
Norðurland eystra	2,8	4%	87%
Norðurland vestra	2,6	2%	96%
Vestfirðir	2,6	0%	98%


á Austurlandi en á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Munur á framleiðslu á mann frá einu svæði til annars á Íslandi er samt með því minnsta sem þekkist í auðugum löndum. Einn mælikvarði á tekjumun eftir svæðum er hlutfall framleiðslu á mann á landsvæði í 90. hundraðshluta (tekjur 90% landsmanna eru minni) og á landsvæði í 10. hundraðshluta (tekjur 10% landsmanna eru minni) Röðum nú svæðum þannig að neðst sé það svæði þar sem framleiðsla á mann er minnst og efst það svæði

þar sem framleiðsla á mann er mest (sjá Töflu 3). Á höfuðborgarsvæðinu framleiðir hvert mannsbarn að meðaltali 3,6 milljónir árið 2017. Innan við 90% landsmanna framleiða minna og innan við 10% framleiða meira. Á Norðurlandi eystra er meðalframleiðsla á mann 2017 2,8 milljónir króna. Innan við 10% framleiða minna og innan við 90% framleiða meira. Hlutfallið þarna á milli, 3,6/2,8, er 1,3 – framleiðsla á mann er tæpum 30% meiri á höfuðborgarsvæðinu en á Norðurlandi eystra. Í Japan er sams konar hlutfall nálægt því sem er hér á landi, eða 1,35, en á Ítalíu munar meira á tekjum eftir svæðum. Hlutfall framleiðslu á mann í Trento á Norður-Ítalíu og á Sikiley er um það bil 2. Í iðnríkjunum er hlutfall framleiðslu í 90. hundraðshluta og 10. hundraðshluta að jafnaði um 1,7 um þessar mundir.⁵ Oft fylgir mikið atvinnuleysi og lítil menntun lítilli framleiðslu á mann, en ekki munaði miklu á atvinnuleysi eftir svæðum hér á landi árið 2017. Þá var skráð atvinnuleysi á landinu öllu að meðaltali 2,2%.⁶ Upplýsingar um menntun eftir svæðum eru af skornum skammti, en árið

⁵ Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Widening Gaps: Regional Inequality within Advanced Economies, frétt 9. október 2019, Closer Together or Further Apart? Subnational Regional Disparities and Adjustment in Advanced Economies, World Economic Outlook, 2. kafli, október 2019, bls. 65 og áfram.

⁶ Vinnumálastofnun (2017): Árskýrsla 2017.

2017 voru 83% af öllum 18 ára Íslendingum í framhaldsskóla. Hlutfallið var lægst á Suðurnesjum og Vestfjörðum, 73-75%.⁷



Mynd 3 Á Suðurnesjum eru fleiri karlar á aldrinum 20-40 ára en á öðrum aldursbilum.

Sem fyrr segir jókst framleiðsla á mann um tæp 7% á ári á Suðurnesjum frá 2012 til 2017. Þessi mikli vöxtur liggur meðal annars í því að þangað flytur fólk á aldrinum 25-40 ára, sem ekki hefur með sér börn. Stærstu hóparnir eru frá útlöndum og höfuðborgarsvæðinu og karlar eru fleiri en konur. Á mynd 3 sést þetta greinilega. Af heildarmannfjölda á Suðurnesjum eru karlar á fimm ára aldursbilum frá tvítugu til fertugs alltaf meira en 4% af heildarmannfjölda, en nokkru færri konur eru á þessum aldri. Frá 2012 til 2017 fjölgaði Suðurnesjamönnum á aðalvinnualdri, aldrinum 20-65 ára, um 23%. Framleiðsla á Suðurnesjamann á þessum aldri jókst engu að síður hratt, eða um tæp 6% á ári.

⁷ Hagstofa Íslands, skólasókn á framhaldsskólastigi eftir kyni, aldri og landsvæðum 1999-2018.

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suðurnes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
Landbúnaður	0%	3%	0%	2%	2%	8%	2%	1%	6%	1%
Sjávarútvegur	3%	25%	26%	23%	34%	17%	22%	28%	27%	11%
Fiskeldi	0,1%	0,5%	1,0%	0,1%	2,5%	0,3%	0,5%	0,0%	0,4%	0,2%
Iðnaður	8%	16%	4%	32%	6%	9%	11%	36%	7%	11%
Verslun, hótél, veit., samgöngur, fjarskipti, leiga	25%	16%	28%	12%	13%	17%	18%	10%	15%	22%
Byggingar, veitur	11%	10%	12%	6%	10%	11%	11%	8%	12%	11%
Fjármál, fasteignir, sérfræðiþjónusta	28%	9%	10%	7%	9%	8%	12%	4%	10%	21%
Opinber þjónusta	21%	19%	17%	16%	21%	27%	22%	11%	21%	20%
Ýmis starfsemi	3%	2%	1%	1%	2%	2%	2%	1%	2%	3%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Í töflum 4 og 5 má sjá að hlutur þjónustugreina, sem tengjast að hluta til ferðaþjónustu, vex mikið frá 2012 til 2017. Hlutur verslunar, hótela, veitingastaða, fjarskipta og leigu í framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu jókst úr 25% í 32% frá 2012 til 2017, en utan höfuðborgarsvæðisins stækkaði hlutur þessara greina úr 16% í 26% á sama tíma. Hæst var hlutfallið 43% af framleiðslu á Suðurnesjum árið 2017, en þar hækkaði það úr 28% frá 2012. Breytt skipting framleiðslu á atvinnugreinar endurspeglar bæði magnbreytingar – sem ekki síst má rekja til fjölgunar ferðamanna – og hækkandi gengi krónunnar. Í töflum 4 til 6 eru tölur á verðlagi hvers árs, en ekki á föstu verðlagi, eins og annars staðar í skýrslunni. Þegar gengi krónunnar hækkar fækkar krónum hjá útflutningsgreinum eins og sjávarútvegi og iðnaði að öðru jöfnu.

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suðurnes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
Landbúnaður	0%	3%	0%	2%	2%	8%	2%	1%	5%	1%
Sjávarútvegur	1%	15%	13%	15%	24%	11%	13%	21%	13%	6%
Fiskeldi	0,0%	0,5%	0,5%	0,1%	3,8%	0,1%	0,2%	0,3%	0,3%	0,2%
Iðnaður	7%	13%	4%	26%	6%	9%	10%	33%	8%	9%
Verslun, hótél, veit., samgöngur, fjarskipti, leiga	32%	26%	43%	19%	16%	24%	23%	14%	26%	30%
Byggingar, veitur	12%	13%	14%	9%	12%	11%	15%	10%	15%	12%
Fjármál, fasteignir, sérfræðiþjónusta	24%	8%	8%	7%	7%	6%	8%	4%	9%	18%
Opinber þjónusta	21%	21%	16%	19%	26%	29%	26%	15%	22%	21%
Ýmis starfsemi	3%	2%	1%	2%	2%	2%	2%	2%	2%	3%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%


Hlutur fjármálastofnana, fasteigna og sérfræðiþjónustu minnkar heldur. Athygli vekur að hlutur fiskeldis á Vestfjörðum þokast upp á við og nálgast 4% árið 2017. Stóriðja vegur þungt í atvinnulífi á Austfjörðum og á Vesturlandi, en sjávarútvegur er mjög stór á Vestfjörðum og á Austurlandi.

Tafla 6: Skipting atvinnugreina á landshluta 2017 á verðlagi 2017.										
	Höfuð- borgar- svæði	Útan höfuð- borgarsv.	Suðurnes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land- vestra	Norður- land- eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
Landbúnaður	9%	91%	1%	11%	3%	14%	17%	5%	39%	100%
Sjávarútvegur	14%	86%	15%	13%	7%	3%	17%	14%	17%	100%
Fiskeldi	16%	84%	19%	2%	35%	1%	9%	6%	11%	100%
Iðnaður	53%	47%	3%	14%	1%	2%	8%	14%	6%	100%
Verslun, hótél, veit., samgöngur, fjarskipti, leiga	72%	28%	9%	3%	1%	1%	6%	2%	6%	100%
Byggingar, veitur	65%	35%	7%	4%	2%	2%	9%	3%	9%	100%
Fjármál, fasteignir, sérfræðiþjónusta	87%	13%	3%	2%	1%	1%	3%	1%	3%	100%
Opinber þjónusta	68%	32%	5%	4%	2%	2%	9%	3%	7%	100%
Ýmis starfsemi	77%	23%	3%	3%	1%	1%	6%	2%	6%	100%
Alls	67%	33%	6%	5%	2%	2%	7%	4%	7%	100%

Tafla 6 sýnir hvernig atvinnugreinar dreifast um landið. Tæp 40% alls landbúnaðar á Íslandi eru á Suðurlandi árið 2017, rúmur þriðjungur fiskeldis er á Vestfjörðum, iðnaður, annar en fiskiðnaður, er sterkur á Vesturlandi og á Austfjörðum, en mestöll fjármálastarfsemi, fasteignarekstur og sérfræðiþjónusta er á höfuðborgarsvæðinu.

Fólk flytur til vaxtarsvæða og láglaunasvæða


Margir fluttu búferlum á árunum 2012 til 2017, bæði frá útlöndum og innanlands. Myndin sýnir mestu flutningana sem hlutfall af íbúafjölda í ársbyrjun 2012. Þetta eru hreinir straumar, aðfluttur umfram brottflutta og öfugt. Flestir flytja til Suðurnesja. Fólksflutningar þangað frá útlöndum á



árunum 2012 til 2017 námu samtals 12% af íbúafjölda á Suðurnesjum 2012. Auk þess fluttist fólk til Suðurnesja frá öðrum landshlutum, en þeir flutningar námu alls 4% af íbúafjölda á Suðurnesjum 2012. Straum fólks frá útlöndum hingað til lands virðist einkum mega skýra með tvennu: Í fyrsta lagi að manna þurfi ný störf vegna þenslu í ferðaþjónustu og fleiri greinum. Þetta skýrir einkum flutning fólks til Suðurnesja, Suðurlands og höfuðborgarsvæðisins. Hin skýringin er að manna

þurfi störf á láglaunasvæðum, sem heimamenn hverfa frá. Útlendingar eru þá ráðnir í störf þar sem kjörin nægja ekki til að halda í innlent starfsfólk. Þetta virðist einkum eiga við á Vestfjörðum. Á árunum 2012 til 2017 fluttust þaðan tæplega 500 manns til annarra landshluta, umfram þá sem komu, eða 7% af íbúafjöldanum 2012. Á móti fluttust tæplega 400 manns frá útlöndum, eða um 6% af íbúafjölda árið 2012. Á öllu landinu er hlutfall útlendinga hæst í fiskiðnaði árið 2017, 51% (41% 2012), en í leigustarfsemi og ýmissi sérhæfðri þjónustu er það 39% (26% 2012, líklega vega hreingerningar hér þungt) og í rekstri gististaða og veitingarekstri 37% (22% 2012). Útlendingar eru margir í láglaunastörfum og þeir fá líka að jafnaði lægri laun en Íslendingar í sömu störfum. Samkvæmt nýrri athugun Hagstofunnar eru laun útlendinga í verkamannastörfum 5-15% lægri en innfæddra með svipaða menntun, jafnlanga starfsreynslu og svipaðan bakgrunn að öðru leyti.⁸

⁸ Rannsókn á launamun eftir bakgrunni 2008-2017, Hagtíðindum 29. mars 2019, útg. Hagstofa Íslands.



Mestur vöxtur á höfuðborgarsvæði í bankauppsveiflu – en ferðamannastraumurinn dreifist víðar

Skipta má hagvexti það sem af er öldinni í nokkur tímabil. Frá 2002-2007 uxu bankarnir hratt, en höfuðstöðvar þeirra voru í höfuðborginni. Orkuframkvæmdir stóðu yfir á sama tíma í grennd við Reykjavík og á Austurlandi, þar sem einnig var byggt álver. Uppgangurinn á þessum tíma var að miklu leyti bundinn við höfuðborgarsvæðið og Austurland. En höfuðborgarbúar fundu mest fyrir hruninu – þar voru bankarnir með höfuðstöðvar sínar. Eftir það hefur hagvöxtur verið svipaður í höfuðborginni og utan hennar. Umsvif í ferðapjónustu eru mest á þrem svæðum, auk höfuðborgarsvæðisins: á Suðurnesjum, Suðurlandi og Norðurlandi eystra.

	Höfuð- borgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suðurnes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
Vöxtur '98-'17	89%	46%	100%	42%	-6%	-2%	28%	90%	58%	75%

Tölur um hagvöxt frá 1998 til 2017 verður að skoða með þeim fyrirvara að breytt er um aðferð og grunnár á miðju tímabilinu. Engu að síður er ljóst að vextinum er misskipt. Á þremur landsvæðum hefur framleiðsla aukist um 90-100% á 19 árum: á Suðurnesjum, Austurlandi og höfuðborgarsvæðinu. Vöxtur á Austurlandi tengist álveri, virkjun og e.t.v. jarðgöngum, en vöxtur á Suðurnesjum einkum vaxandi umsvifum á Keflavíkurflugvelli. Mikill vöxtur á Suðurnesjum vekur athygli í ljósi þess að bandarískt herlið yfirgaf flugvöllinn 2006, auk þess sem ekki hefur orðið úr ráðagerðum um stóriðju á þessum slóðum. Framleiðsla skreppur heldur saman á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra, þó að hagur þessara landshluta vænkist nokkuð á árunum 2012 til 2017.

Ferðaþjónusta, hagvöxtur og lífsskjör

Straumur ferðamanna er meginskýringin á miklum hagvexti hér á landi undanfarin ár. Beinn hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu jókst úr 4,2% af landsframleiðslu árið 2012 í 8,6% 2017, samkvæmt yfirliti Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD (Key Tourism Indicators). En ekki hefur aðeins verið mikill hagvöxtur hér á landi undanfarin ár, heldur hafa lífsskjör líka batnað mikið. Hvaða þátt á straumur ferðamanna í því?

Ferðaþjónusta er reyndar ekki sérstök atvinnugrein í þjóðhagsreikningum, heldur nær hún til margra greina, til dæmis verslunar og flutninga, veitingasölu og hótela. Flestar greinarnar eru blandaðar, en flutningar með flugi og veitingar og hótél eru að langmestu leyti þjónusta við ferðamenn. Á öllu landinu jókst hlutur flutninga með flugi úr 2,1% af vergum þáttatekjum 2012 í 2,3% 2017 (hvort tveggja á hlaupandi verði). Flest fyrirtæki í flugrekstri gera út frá höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Hlutur veitinga- og hótélrekstrar jókst úr rúmum 2% af vergum þáttatekjum ársins 2012 í 4% 2017 (hvort tveggja á hlaupandi verði). Veitinga- og hótélrekstur er dreifður um allt land. Árið 2017 var hlutfall þessara greina lægst 2½% af framleiðslu á Vestfjörðum, en hæst tæp 10% á Suðurlandi.

Afkoma í flugi sveiflast nokkuð, en hún var að jafnaði ágæt á árunum 2012 til 2017, ef marka má rekstrar- og efnahagsyfirlit Hagstofunnar. Laun margra flugstétta hafa líka verið góð. Hitt hefur aftur loðað við aðra kjarnagrein ferðaþjónustunnar, hótél- og veitingarekstur, að lítið sé upp úr henni að hafa. Afkoman sé slök og laun lág. Samkvæmt yfirliti Hagstofunnar var tap af veitinga- og hótélrekstri öll árin frá 2002 til 2010, nema 2007. Eigið fé var sáralítið og það litla sem var hvarf þegar krónan tók að falla árið 2008. En frá 2010 hefur verið hagnaður af rekstrinum og frá 2013 hefur afkoman verið ágæt, hvort sem litið er á arðsemi eiginfjár, sem hefur verið 25% og hærri, eða heildararðsemi (alls bundins fjár, lánsfjár og eiginfjár), sem hefur verið 10-15%. Eigið fé var tæp 30% af eignum í greininni í lok árs 2017. Nokkru munar á afkomunni eftir landshlutum. Reksturinn hefur gengið einna best á Suðurlandi og á Austurlandi, eftir því sem næst verður komist. Hagstofan hefur aðeins tölur um laun í veitinga- og gistihúsum árið 2018. Þá voru meðallaun í greininni nálægt 70% af meðallaunum í öllum atvinnugreinum hér á landi. Laun voru þá ekki lægri í nokkurri atvinnugrein, sem gögn eru um.

En hefur uppgangur í ferðaþjónustu leitt til betri lífsskjara hér á landi? Já, að öllum líkindum. Mestu veldur um umskiptin sem orðið hafa á afkomu í hótél- og veitingarekstri eftir 2010 að framboð hefur ekki vaxið jafnhvatt og eftirspurn. Erfitt er að útvega nóg húsnæði og jafnvel starfsfólk þegar ferðamönnum fjölgar um 20% eða meira ár eftir ár. Þegar svo stendur á er óhætt að hækka verðið aðeins. Afkoma í ferðaþjónustu hefur batnað, en straumur ferðamanna kemur líka fram í hækkandi gengi krónunnar – kjör allra landsmanna batna. En þetta ástand varir ekki til eilífdar. Afkoman versnar að líkindum eftir því sem hótélrumum fjölgar og veitingastaðir stækka – nema ferðafólki fari aftur að fjölga hratt. Auðvelt er að stofna hótél og selja mat. Þess vegna hefur afkoma jafnan verið slök í þessum rekstri. Að öllum líkindum rýrnar afkoman aftur eftir því sem framboð eykst á veitingaþjónustu og hótélrymi. Sennilega lækkar krónan þá aftur í verði og hagur allra landsmanna versnar um stund.


Framleiðni vinnuafls er mest á höfuðborgarsvæðinu

Framleiðni vinnuafls, framleiðsla deilt með fjölda vinnandi fólks með lögheimili á Íslandi, er mest á höfuðborgarsvæðinu. Víða um heim er framleiðni mest þar sem fólk býr þéttast. Framleiðni er um það bil 40% meiri á höfuðborgarsvæðinu en þar sem hún er minnst, á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Hagvöxtur hefur verið minnstur undanfarna áratugi þar sem framleiðni vinnuafls er minnst núna, en samhengi framleiðni og hagvaxtar er þó ekki einhlítt. Framleiðni vinnuafls er náskyld framleiðslu á mann – en nokkru getur munað, því að munur er á aldri fólks eftir svæðum. Þannig munar miklu minna á framleiðni vinnuafls á Austurlandi og annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins en ætla mætti af tölum um framleiðslu á mann. Þar sem margir hafa nýlega verið sóttir til útlanda til að vinna eru fleiri á vinnualdri en annars staðar. Hafa ber líka í huga þegar tölurnar eru skoðaðar að fjármagni er misstíft á landshluta, þannig að framleiðni vinnuafls segir ekki alla söguna um hagkvæmni framleiðslunnar. Tölurnar eru í milljónum króna.

	Höfuðborgar- svæði	Utan höfuð- borgarsv.	Suðurnes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Allt landið
2017	6,4	5,3	5,2	5,8	4,5	4,6	5,0	5,7	5,5	6,0

Kröftugur vöxtur á höfuðborgarsvæðinu


Framleiðsla á höfuðborgarsvæðinu jókst að jafnaði um 5% á ári frá 2012 til 2017 og er það mun meira en búast má við í meðalári. Vöxturinn var þó ekki miklu meiri en í öðrum landshlutum. Til 2016 jókst framleiðsla á höfuðborgarsvæðinu heldur meira en annars staðar, en árið 2017 dró heldur úr vextinum. Á árunum 2012 til 2017 fluttust álíka margir til höfuðborgarsvæðisins frá öðrum



landshlutum og í hina áttina. Margir flytjast hins vegar frá útlöndum. Á árunum 2012 til 2017 komu þaðan alls rúmlega 9.000 manns umfram brottflutta. Þetta eru um 5% af íbúafjölda á höfuðborgarsvæðinu 2012. Straumur ferðamanna skýrir hagvöxtinn að miklu leyti. Af 28% hagvexti frá 2012 til 2017 má rekja 18% til verslunar, hótélrekstrar, veitinga og annarrar starfsemi sem tengja má ferðaþjónustu. Hluttur þessara greina í framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu jókst úr 25% í 32% frá 2012 til 2017. Þar sem uppgjórið er á hlaupandi verðlagi veldur hér nokkru að verðlag hefur

Hagvöxtur 2012-2017

hækkað í þjónustugreinum miðað við iðnað og sjávarútveg. Þjónusta er yfir 90% af framleiðslunni, en lítið fer fyrir sjávarútvegi, sem er undirstöðuatvinnuvegur í öðrum landshlutum. Minna fer líka fyrir iðnaði en sums staðar utan höfuðborgarsvæðisins. Fjármál og tryggingar, fasteignir og sérfræðiþjónusta geta kallast einkennisgreinar höfuðborgarsvæðisins, því að hlutur þeirra er lítill í




Skipting framleiðslu á höfuðborgarsvæði á hlaupandi verði 2017

öðrum landshlutum. Þessar greinar hafa lítið vaxið undanfarin ár, meðal annars vegna 12% samdráttar í fjármálaþjónustu.

Byggingarstarfsemi hefur hins vegar tekið vel við sér. Þangað má rekja 5% hagvöxt af 28% á árunum 2012 til 2017. Líklegt er að nokkuð dragi úr vexti á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum, ekki síst vegna bakslags í ferðaþjónustu. Það gæti meðal annars komið fram í minnkandi straumi erlends verkafólks til landsins og jafnvel fækkun í þeim hópi.

Nýjar stoðir undir byggð utan höfuðborgarsvæðis


Hagvöxtur var álíka mikill að meðaltali utan höfuðborgarsvæðisins og á landinu öllu á árunum 2012 til 2017, en miklu munaði á einstökum svæðum. Framleiðsla jókst reyndar alls staðar, en langmest á Suðurnesjum og Suðurlandi. Að jafnaði jókst framleiðsla utan höfuðborgarsvæðisins um rúm 4½% á ári frá 2012 til 2017, mun meira en búast má við í meðalári. Hagvöxtur fór árvaxandi frá 2014 og náði sennilega hámarki, í 7%, árið 2017. Vöxturinn á sér mjög svipaðar skýringar og í höfuðborginni. Af 26% prósentu vexti frá 2012 til 2017 má rekja 16% til verslunar, hótélrekstrar og



annarra greina sem tengja má ferðaþjónustu, en einnig aukast byggingar nokkuð. Umsvif jukust í sjávarútvegi á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og fiskeldi dafnaði á Vestfjörðum. Töluverður straumur var af vinnuafli frá útlöndum á árunum 2012 til 2017, alls tæplega sjö þúsund manns umfram þá sem fóru. Þetta eru um 5% íbúafjöldans 2012 og er það um það bil sama hlutfall og á höfuðborgarsvæðinu. Margir fluttu milli landshluta, eins og rakið verður nánar þegar rætt verður um einstök svæði. Einkum flutti fólk frá Vestfjörðum og Norðurlandi vestra,

Hagvöxtur 2012-2017

flestir til höfuðborgarsvæðisins. Á hinn bóginn fluttu margir til Suðurnesja og Suðurlands, flestir frá höfuðborgarsvæðinu. Samanlagður fjöldi brottfluttra öll árin var frá tæpum 20% af íbúafjölda 2012 á Austurlandi upp í tæp 50% á Vestfjörðum (hér hefur fjöldi aðfluttra ekki verið dreginn frá). Það þýðir ekki að helmingur þeirra sem áttu heima á Vestfjörðum 2012 hafi flutt þaðan – sennilega hafa margir sem komu þangað síðar flutt þaðan aftur. Framleiðni vinnuafli jókst um 11% utan höfuðborgarsvæðisins frá 2012 til 2017 og er það heldur meira en á höfuðborgarsvæðinu. En framleiðni er enn hátt í 20% minni en í höfuðborginni. Ekki rúmast mikill vöxtur í tveim



höfuðatvinnugreinum:


Landbúnaði og sjávarútvegi. Hlutdeild sjávarútvegs í framleiðslu utan höfuðborgarsvæðisins hefur minnkað mikið undanfarin ár og fer úr 25% 2012 – en þá var hún óvenjumikil – niður í 14% árið 2017. Á móti vex hlutdeild verslunar, hótél-rekstrar og fleiri greina, sem tengja má ferðaþjónustu. Hún fer úr 16% 2012 í 26% 2017. Hér skiptir reyndar máli að verð hefur hækkað töluvert á þjónustu – en atvinnugreinaskiptingin er gerð upp á hlaupandi

Samsetning atvinnulífs á hlaupandi verði 2017

verðlagi. Líklega dregur úr hagvexti utan höfuðborgarsvæðisins á komandi árum vegna bakslags í ferðaþjónustu og hægara aðstremis erlends verkafólks.


Tíu prósentu hagvöxtur á ári á Suðurnesjum

Framleiðsla jókst að meðaltali um 10% á ári frá 2012 til 2017. Þennan einstaka vöxt má að langmestu leyti skýra með auknum umsvifum í verslun, hótélrekstri og fleiri greinum sem tengjast ferðum um Keflavíkurlugvöll, en frá 2012 til 2017 fjölgaði útlendingum sem fóru um völinn úr tæplega 650 þúsundum í 2,2 milljónir. Umsvif í rekstri veitinga- og gistihúsa tvöfölduðust frá 2012 til 2017. Af 64% hagvexti frá 2012 til 2017 voru 45% í verslun, hótélrekstri, veitingastarfsemi og öðrum greinum sem tengjast ferðaþjónustu, en um 10% vöxt má rekja til bygginga, meðal annars stækkun flugvallar og flugstöðvar, auk smíði hótela og íbúðarhúsnæðis. Framleiðni vinnuaflds jókst og hefur hér um bil náð meðaltali utan höfuðborgarsvæðisins. Atvinnuleysi hefur minnkað mikið. Árið 2017 voru 2,7% Suðurnesjamanna á vinnumarkaði skráð atvinnulaus. Það er aðeins yfir



Hagvöxtur 2012-2017

um 43% af heildarframleiðslu á hlaupandi verði árið 2017. Líklegt er að heldur sljákki í hagvextinum á komandi árum. Árið 2018 náði umferð útlendinga um Keflavíkurlugvöll hámarki, en þá fóru rúmar 2,3 milljónir útlendinga um hann. Á fyrstu átta mánuðum árs 2019 minnkaði umferðin um 10-15% frá fyrra ári. Merki eru að vísu um að þeir sem koma nú til landsins eyði meira fé. Gjaldþrot Wow-air, sem lagði áherslu á ódýrar ferðir, veldur miklu um fækkun ferðamanna, en einnig skiptir máli að verðlag hækkaði mikið miðað við grannlöndin fram til 2017.




Skipting framleiðslu á hlaupandi verðlagi 2017

landsmeðaltalinu, sem var 2,2%. Margir hafa flust inn á svæðið til þess að vinna, flestir frá útlöndum. Tæplega 3.500 manns fluttust til Suðurnesja á árunum 2012 til 2017 umfram þá sem fóru þaðan, eða sem nemur um 16% af mannfjölda á Suðurnesjum í upphafi árs 2012. Þar af komu tæp 2.500 frá útlöndum, eða um 12% af íbúafjöldanum 2012. Innflytjendur eru alls tæpur fjórðungur starfandi fólks með lögheimili á Suðurnesjum og er hlutfall þeirra hvergi hærra en þar. Skipting framleiðslu á Suðurnesjum er einstök, en þar eru verslun, hótél- og veitingarekstur, flutningar og fleiri greinar, sem tengjast að hluta til ferðaþjónustu,

Rannsóknir benda til þess að sveiflur í verðlagi ráði miklu um ferðir fólks hingað. Hlutfallslegt verðlag, raungengi krónunnar, náði hámarki árið 2017, og var þá 40-50% hærra en 2010. Í september 2019 hafði raungengið lækkað um 10% frá 2017. Það torveldar spár um fjölda ferðamanna að ferðir fólks eru lítt rannsakaðar. Fróðlegt væri til dæmis að vita hve mikið er um að útlendingar komi oftar en einu sinni hingað til lands.

Hægur vöxtur á Vesturlandi

Hagvöxtur var undir landsmeðaltali á Vesturlandi frá 2012 til 2017, en raunar er vöxturinn, tæp 3% á ári, ekki langt frá því sem við má búast á öllu landinu í meðalári. Hagvöxtur nálgast núll árin




2015 og 2016, en hann tók aðeins við sér 2017. Af 15% hagvexti frá 2012 til 2017 má rekja 9% til verslunar, veitinga- og hótél-rekstrar og annarrar starfsemi sem tengist að hluta til ferðamennsku, en 4% hagvöxt má rekja til vaxtar í byggingarstarfsemi. Árið 2017 voru um 6% allra gistinguþátta hér á landi á Vesturlandi. Á árunum 2012 til 2017 fluttust tæplega 700 manns frá útlöndum umfram þá sem fóru þangað, eða um 4% af fjölda íbúa í byrjun árs 2012. Á móti fluttust um 350 til annarra landshluta umfram þá sem komu þaðan, eða um 2% af

Hagvöxtur 2012-2017

íbúafjöldanum 2012. Framleiðni vinnuaflds er meiri á Vesturlandi en víðast hvar utan höfuðborgarsvæðisins, en miklu um það veldur að mikið fjármagn er í stóriðju á Grundartanga. Stóriðjan setur mikinn svip á atvinnulíf í þessum landshluta, en iðnaður stóð fyrir rúmum fjórðungi framleiðslunnar á hlaupandi verði árið 2017. Ný áform um stóriðju hafa komið upp annað slagið undanfarin ár, en ekki verður séð að þar sé neitt í hendi. Sjávarútvegur er þriðja öflugasta


atvinnugreinin á Vesturlandi. Mestur afli kemur að landi í Ólafs-vík, á Rifi, og í Grundarfirði, en aðrir mikilvægir útgerðarstaðir eru Akranes, Stykkis-hólmur og Arnarstapi. Stöðugleiki einkennir stóriðju og sjávarútveg en meiri óvissa er um ferðaþjónustu. Árið 2017 voru um 4% framleiðslunnar í veitinga- og hótélrekstri.



Skipting framleiðslu á hlaupandi verði 2017


Framleiðsla eykst á Vestfjörðum...

Hagvöxtur var að jafnaði um 3% á ári frá 2012 til 2015. Það er meira en verið hefur í mörg ár í þessum landshluta, þótt það sé undir landsmeðaltali. Hagvöxturinn á sér fjölbreyttari skýringar en víða annars staðar. Af 16% hagvexti frá 2012 til 2017 skýrir verslun, veitinga- og hótélrekstur og önnur starfsemi, sem tengist að hluta til ferðamennsku, um 5% vöxt, fiskeldi skýrir 4%, byggingarstarfsemi 3% og opinber starfsemi 3%. Á móti dregst fjármálastarfsemi saman, eins og annars staðar. Framleiðni vinnuafls er minni á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra en í öðrum landshlutum. Árið 2017 var framleiðni vinnuafls á Vestfjörðum 70% af framleiðni á höfuðborgarsvæðinu og 85% af meðalframleiðni utan höfuðborgarsvæðisins. Lítil framleiðni endurspeglast í lífskjörum á svæðinu. Töluvert er um að fólk sæki annað. Á árunum 2012 til 2017 fluttust rúmlega 3.000 manns frá Vestfjörðum. Þetta eru 47% íbúafjöldans í byrjun árs 2012. Hreinn brottflutningur er miklu minni. Á árunum 2012 til 2017 fluttust tæplega 500 manns til annarra



Hagvöxtur 2012-2017.

landshluta umfram þá sem komu þaðan. Það eru 7% af íbúafjöldanum í ársbyrjun 2012. Á móti komu tæplega 400 manns frá útlöndum umfram þá sem fluttust þangað. Alls voru innflytjendur 17% af vinnandi fólki með lögheimili á Vestfjörðum árið 2017. Sjávarútvegur er hvergi jafnmikilvægur og hér, en opinber þjónusta er líka stærri á Vestfjörðum en víðast annars staðar. Verslun, hótél og veitingaþjónusta veiga hins vegar minna en í öðrum landshlutum.




Vöxtur í fiskeldi vekur athygli, en eldið var um 4% framleiðslunnar 2017. Það vex áfram ef marka má fréttir, en útflutningur Íslendinga á eldisfiski jókst mikið fyrstu níu mánuði árs 2019. Stöðugleiki hefur verið í sjávarútvegi á Vestfjörðum undanfarin ár, en bakslags í ferðaþjónustu gætir lítt þar. Líkast til eru ónýttir möguleikar í ferðaþjónustu í þessum landshluta.

Skipting framleiðslu á hlaupandi verðlagi 2017

... og á Norðurlandi vestra


Hagvöxtur á Norðurlandi var að jafnaði 2½% á ári frá 2012 til 2017, en það er ekki langt frá því sem búast má við á landinu öllu í meðalári. Framleiðsla jókst minna en á landinu öllu en breytingar í hagvexti frá ári til árs voru nokkurn veginn í takti við sveiflur í öðrum landshlutum. Af 13% hagvexti frá 2012 til 2017 má rekja 8% til vaxtar í verslun, veitinga- og gistihúsarekstri og öðrum greinum sem tengja má við ferðapjónustu. Lítils háttar vöxtur var í iðnaði, fjármálastarfsemi dróst saman, en ekki urðu miklar breytingar í atvinnulífínu að öðru leyti. Framleiðni vinnuaflds er minni en annars staðar á landinu, að Vestfjörðum undanskildum. Árið 2017 var hún 72% af landsmeðaltali og 87% af meðalframleiðni utan höfuðborgarsvæðisins. Tæplega 300 fluttust til annarra landshluta umfram þá sem komu þaðan og eru það um 4% af íbúafjöldanum í ársbyrjun 2012. Heldur fleiri fluttust frá útlöndum en fóru þangað, en alls voru brottfluttir umfram



saman, en ekki urðu miklar breytingar í atvinnulífínu að öðru leyti. Framleiðni vinnuaflds er minni en annars staðar á landinu, að Vestfjörðum undanskildum. Árið 2017 var hún 72% af landsmeðaltali og 87% af meðalframleiðni utan höfuðborgarsvæðisins. Tæplega 300 fluttust til annarra landshluta umfram þá sem komu þaðan og eru það um 4% af íbúafjöldanum í ársbyrjun 2012. Heldur fleiri fluttust frá útlöndum en fóru þangað, en alls voru brottfluttir umfram

Hagvöxtur 2012-2017


aðflutta um 3% af mannfjöldanum 2012. Landbúnaður er hvergi mikilvægari en hér, en þaðan eru um 8% framleiðslunnar. Vægi sjávarútvegs minnkaði töluvert á hlaupandi verðlagi og var aðeins 11% árið 2017, litlu meira en landbúnaðar. Opinber þjónusta vegur hins vegar hvergi þyngra. Hún var tæp 30% af framleiðslu ársins 2017, en landsmeðaltalið er rúm 20%. Hagvöxtur hefur um langt



árabil verið lítil á Norðurlandi vestra. Á Sauðárkróki er sterkur þjónustukjarni en annað þéttbýli í landshlutanum er minna. Hagvöxtur er jafnan lítil á dreifbýlum svæðum. Varla er að búast við miklum vexti í þeim greinum sem eru einna sterkastar hér, opinberri þjónustu, landbúnaði og sjávarútvegi. Hagvöxtur verður líklega áfram undir landsmeðaltali.


Hagvöxtur undir landsmeðaltali á Norðurland eystra

Hagvöxtur á Norðurlandi eystra fylgir vel landssveiflunni á árunum 2012 til 2017, en er nær alltaf aðeins undir meðaltali fyrir landið allt. Að meðaltali var hagvöxtur tæp 4% á ári, en það er nokkru meira en búast má við á Íslandi í meðalári. Alls jókst framleiðsla um 20% frá 2012 til 2017. Skýra



Hagvöxtur á Norðurlandi eystra

um 2% af íbúafjölda í ársbyrjun 2012. Á móti komu tæplega 1.200 frá útlöndum umfram brottflutta, en það eru um 4% mannfjöldans 2012. Opinber þjónusta er rúmur fjórðungur framleiðslunnar á hlaupandi verði 2017, en þjónusta einkafyrirtækja um þriðjungur. Sjávarútvegur er víða stundaður, en langmestu er landað á Siglufirði, Dalvík og Akureyri. Fjölbreyttur iðnaður er á Akureyri og



Skipting framleiðslu á hlaupandi verði 2017


land.

má 11% hagvöxt með auknum umsvifum í verslun, hótél- og veitingastarfsemi og öðrum greinum sem tengja má ferðaþjónustu. Gistinóttum fjölgaði úr 450 þúsundum árið 2012 í 870 þúsund árið 2017 og voru þær þá um 10% af öllum gistinóttum á landinu. Þá skýrir vöxtur í byggingarstarfsemi og veitum um 7% hagvöxt. Iðnaður og opinber þjónusta vaxa heldur, en fjármálaþjónusta dregst saman. Á árunum 2012 til 2017 fluttust um 500 manns til annarra landshluta umfram þá sem komu þaðan og eru það

kísilver hóf störf á Bakka við Húsavík 2018. Frá aldamótum hefur framleiðsla á Norðurlandi eystra vaxið jafnt og þétt, þó að vöxturinn hafi verið undir landsmeðaltali. Tæp 70% íbúa eru í tveim bæjum, Akureyri, þar sem 60% íbúanna eru, og Húsavík. Aðallega er það Akureyri, sem dregur að sér fólk. Hún kemst líklega næst því að vera valkostur við höfuðborgarsvæðið fyrir þá sem sækja í góða þjónustu og fjölbreyttan vinnumarkað. Líklegt er að fólk haldi áfram að flytjast þangað úr fámennari byggðum víða um

Lítill vöxtur á Austurlandi


Framleiðsla jókst að jafnaði um 1% á ári frá 2012 til 2017 og var hagvöxtur hvergi minni en hér. Áratuginn þar á undan jókst framleiðsla hins vegar mikið á svæðinu með smíði Kárahnjúkavirkjunar og álvers í Reyðarfirði. Skýra má 4% hagvöxt af 6% alls með vexti í verslun, hótél- og veitingarekstri og annarri starfsemi sem tengja má ferðamennsku. Ferðamenn staldra þó síður við á Austurlandi en í öðrum landshlutum. Árið 2017 voru innan við 5% af gistinóttum á landinu hér. Tæp 3% framleiðslu á Austurlandi voru þá í veitingahúsum og gististöðum.



Hagvöxtur 2012-2017

Byggingarstarfsemi jókst heldur, en sjávarútvegur og fjármálaþjónusta drógust aðeins saman. Byggðakjarnar eru minni á Austurlandi en annars staðar, en stutt er á milli margra bæja. Egilsstaðir eru í klukkutíma akstursfjarlægð eða minna frá öllum þéttbýlisstöðum á Austfjörðum norðan frá Borgarfirði eystra til Breiðdalsvíkur – og jafnvel Djúpavogs, ef farið er um Öxi. Á Egilsstöðum eru verslanir, flugvöllur og önnur þjónusta sem nýtast fólki í öllum fjörðunum. Fjarlægðir styttust milli fjarða og umferðaröryggi jókst með Fáskrúðsfjarðargöngum, sem opnuð voru fyrir umferð 2005, og

Norðfjarðargöngum, sem opnuð voru 2017. Fólk sækir vinnu í álverið í Reyðarfirði víða að. Á sjötta hundrað manna fluttist frá Austurlandi til annarra landshluta á árunum 2012 til 2017, umfram




þá sem fluttust þangað. Þetta eru um 2% af íbúafjölda á Austurlandi í upphafi árs 2012. Á móti fluttust álíka margir frá útlöndum til Austurlands. Iðnaður vegur þyngra í atvinnulífi Austurlands en annarra landshluta, en sjávarútvegur er líka fyrirferðarmeiri en annars staðar, að Vestfjörðum undanskildum. Stöðugleiki einkennir bæði stóriðju og sjávarútveg. Ekki er útlit fyrir mikinn vöxt í þessum greinum, en ekki eru heldur miklar líkur á niðursveiflu.

Skipting framleiðslu á hlaupandi verðlagi 2017


Ferðapjónusta knýr hagvöxt á Suðurlandi

Á árunum 2012 til 2017 fylgdi hagvöxtur á Suðurlandi nokkurn veginn breytingum í vexti á landinu öllu, en vöxturinn var kröftugri hér öll árin nema 2014. Að jafnaði jókst framleiðsla í þessum



Hagvöxtur 2012-2017

landshlutum. Framleiðni vinnuafis er svipuð og annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins, en tæplega 15% minni en í höfuðborginni. Hlutdeild sjávarútvegs í framleiðslu á hlaupandi verði fór úr 27% 2012 í 13% árið 2017. Hér valda bæði verðbreytingar og samdráttur í magni. Á móti stækkar



Skipting framleiðslu á hlaupandi verði 2017

landshluta um tæp 6% á ári. Af 33% hagvexti má rekja 20% til vaxtar í verslun, veitingum, hótélrekstri og öðrum greinum sem tengjast að hluta til ferðapjónustu. Um 7% vöxt má skýra með vexti í byggingarstarfsemi, en 4% með auknum umsvifum í iðnaði. Sjávarútvegur dregst nokkuð saman. Um 2.000 manns fluttust til Suðurlands umfram þá sem fóru þaðan á árunum 2012 til 2017. Þetta eru 8% af íbúafjölda í þessum landshluta í byrjun árs 2012. Um 1.500 fluttust frá útlöndum fram yfir þá sem fóru þangað, en 500 fluttust úr öðrum

hlutur verslunar, hótélrekstrar og veitingastarfsemi og þess háttar. Hlutdeild veitinga- og hótélrekstrar, sem ekki er sýnd sérstaklega á myndinni er hvergi meiri en hér. Hlutdeildin er tæp 10% árið 2017, en 4% á landinu öllu. Árið 2017 voru gistinætur á Suður-landi næstum tvær milljónir, tæpur fjórðungur allra gistinóttu á landinu. Bakslag í ferðapjónustu kemur illa við framleiðslu á Suðurlandi.